

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

*Deiliskipulag íbúðarhúsaloða í landi Víkur.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag íbúðarhúsaloða í landi Víkur, Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 20.000 m<sup>2</sup> lóð. Heimilt að reisa einbýlishús ásamt bílgeymslu allt að 400 m<sup>2</sup>, tvær hæðir og kjallari að hluta.

Innan afmörkunar deiliskipulagsins eru tvö íbúðarhús og geymsla.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1997. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Vatnaskógar svæði KFUM.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag Vatnaskógar, Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulagið skilgreinir aksturs- og gönguleiðir, leiksvæði og 12 byggingarreiti bæði umhverfis núverandi byggingar auk 7 nýrra reita allt að 2,5 ha að stærð. Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1997. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Skógaráss, íbúðar- og frístundabyggðar ásamt vindrafstöð í landi Belgsholts.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag Skógaráss, íbúðar- og frístundabyggðar ásamt vindrafstöð í landi Belgsholts, Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur lóðum fyrir frístundahús að stærð frá 1,6 ha til 3,1 ha og tveimur lóðum fyrir íbúðarhús að stærð 2,4 ha og 2,6 ha.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1997. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 11. ágúst 2008.*

**Skúli Lýðsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.